



## Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)

### Skýrsla formanns á aðalfundi þriðjudaginn 10. maí 2011.

Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF) var formlega stofnað á aðalfundi Staðlaráðs þann 31. maí árið 2007, þar sem starfsreglur þess voru samþykktar. Aðaltilgangurinn með stofnun þess var að fylgjast með og taka virkan þátt í starfi alþjóðlegu tækninefndarinnar ISO/TC 234 „Fisheries and aquaculture“ og gæta hagsmuna íslensks sjávarútvegs og fiskeldis í því staðlastarfi sem þar mun fara fram.

Aðila að FIF árið 2010 voru 11 að tölu og fækkaði um einn frá árinu áður þar sem FÍS sagði upp aðild sinni í byrjun árs 2010. Aðilar 2010 voru þessir:

Aðili	Tengiliður
Dala Rafn ehf	Þórður Rafn Sigurðsson
Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda	Jóhann Peter Andersen
Fiskistofa	Þórður Ásgeirsson
Landssamband fiskeldisstöðva	Guðbergur Rúnarsson
Landssamband íslenskra útvegsmanna	Kristján Þórarinsson
Landssamband smábátæigenda	Arthur Bogason
Matís ohf	Margeir Gissurarson
Samtök fiskvinnslustöðva	Guðbergur Rúnarsson
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	Hinrik Greipsson
Vinnslustöðin hf	Sindri Viðarsson
Þorbjörn hf	Gunnar Tómasson

Framkvæmdaráð FIF hefur verið óbreytt frá aðalfundi FIF árið 2008: Margeir Gissurarson er formaður, og aðrir fulltrúar eru Arthur Bogason, Guðbergur Rúnarsson, Kristján Þórarinsson og Þórður Ásgeirsson. Guðrún Rögnvaldardóttir framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands hefur gegnt starfi ritara fagstaðlaráðsins.

Starf FIF á liðnu ári hefur alfarið mótast af starfi innan alþjóðlegu tækninefndarinnar ISO/TC 234. Framkvæmdaráðið hefur fjallað um erindi og tillögur frá tækninefndinni og veitt umsögn og sent inn tillögur þar sem þess hefur verið þörf. Aðildarlöndum ISO/TC 234 hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum, enn hafa þó nokkrar stórar fiskveiðipjóðir ekki séð ástæðu til að taka virkan þátt í starfsemi tækninefndarinnar. Eftirfarandi lönd eru aðilar að ISO/TC 234:

Fullgild aðildarlönd eru 21:

Barbados (BNSI)	Belgía (NBN)	Kanada (SCC)
Danmörk (DS)	Fiji (FTSQCO)	Finnland (SFS)
Frakkland (AFNOR)	Ísland (IST)	Indland (BIS)
Írland (NASI)	Korea, Republic (KATS)	Nýja Sjáland (SNZ)
Malasía (DSM)	Máritíus (MSB)	Spánn (AENOR)
Noregur (SN)	Suður Afríka (SABS)	Bretland (BSI)
Taíland (TISI)	Bandaríkin (ANSI)	
Viet Nam (TCVN)		

Aðildarlönd með aukaaðild eru 18:

Argentína (IRAM)	Brasilía (ABNT)	Króatía (HZN)
Kýpur (CYS)	Tékkland (UNMZ)	Þýskaland (DIN)
Indónesía (BSN)	Íran	Úkraía (DSSU)
Ísrael (SII)	Ítalía (UNI)	Japan (JISC)
Malta (MSA)	Svartfjallaland (ISME)	Holland (NEN)
Pólland (PKN)	Sri Lanka (SLSI)	Svíþjóð (SIS)

Samstarfsaðilar eru 5:

- Codex Alimentarius Commission (CAC)
- The Federation of European Aquaculture Producers (FEAP)
- Food and Agriculture Organization of the United Nations (FAO)
- The World Conservation Union (IUCN)
- World Wildlife Found (WWF)

Áheyrnarfulltrúi er einn:

- Marine Stewardship Council (MSC)

Fjórði fundur ISO/TC 234 var haldinn í Bangkok í Taílandi í október 2010. Margeir Gissurason, formaður FIF, sótti fundinn af Íslands hálfu. Á fundinum kynntu vinnuhópar stöðu og framgang þeirra stöðlunarverkefna sem eru í vinnslu hjá Tækninefndinni. Enn sem fyrr eru verkefni varðandi fiskeldi í forgrunni en einnig er í lokameðferð verkefni varðandi gerð staðals um rekjanleika sjávarfiska.

Helstu stöðlunarverkefni sem eru til umræðu og ákvörðunar innan tækninefndarinnar eru:

1. Rekjanleiki uggfiska afurða (e. Traceability of fin fish products)  
Um er að ræða tvo staðla, annars vegar fyrir rekjanleika á villtum fiski og hins vegar fyrir fiskeldi. Báðir þessir staðlar hafa verið samþykktir af tækninefndinni.
2. Vöktun á umhverfisáhrifum fiskeldis í sjó á sjávarbotn.  
Staðlavinnan er á lokastigi.

3. Fiskeldistækni  
Staðladrögin fjalla um gerð, hönnun, uppsetningu og rekstur eldiskvía.
4. Matvælaöryggi tengt fiskeldi  
Fallið hefur verið frá frekari umræðu um staðladrögin þar sem málefnið fellur undir aðra tækninefnd, ISO/TC 34/SC 17.
5. Aðferðafræði við lúsavöktun í sjávareldi  
Einungis fjögur lönd hafa tekið virkan þátt í umræðu við staðladrögin.
6. Reikningslíkan fyrir fisk inn - fisk út (FIFO)  
Staðlavinnan miðar að því að staðla reikningsaðferðir fyrir nýtingarhlutfall fiska til manneldis.

Samkvæmt 7. grein starfsreglna Fagstaðlaráðs í fiskimálum skal kjósa á aðalfundi annað hvert ár, til tveggja ára í senn, formann og fjóra aðra sem skipa framkvæmdaráð. Kosið var í framkvæmdaráð á aðalfundi 2009 og því skal gengið til kosninga í ár.

Meginvinna framkvæmdaráðs FIF hefur verið að vakta þróun staðlavinnu fiskimála hjá ISO og koma á framfæri og fylgja eftir athugasemdum er snerta hagsmuni sjávarútvegs og fiskeldis á Íslandi. Hingað til hefur megináhersla í vinnu tækninefndar ISO/TC 234 verið á fiskeldi en margt bendir þó til að umræða um stöðlun á villtum eða veiddum fiski muni aukast á komandi árum. Á næsta fundi tækninefndarinnar í nóvember á þessu ári er stefnt að því að setja á fót vinnuhóp til að fjalla um aukna staðlavinnu á veiddum fiski og í kjölfarið má búast við nýjum staðladrögum er tengjast því málefni. Framkvæmdaráðs FIF gætu því beðið aukin verkefni á næstu árum við að tryggja málstað Íslendinga.

Reykjavík 9. maí 2011

Margeir Gissurarson

Formaður Fagstaðlaráðs í fiskimálum.